



## Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Kletti, Mosfellsbæ, þann 2. desember 2024, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Grétar Eggertsson yrði kjörinn fundarstjóri. Það var samþykkt og tók hann til starfa og gerði tillögu um að Tómas Sigurðsson yrði kjörinn fundarritari. Það var einnig samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann og tölvupósti til félagsmanna og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

Á fundinn mættu rúmlega 70 félagsmenn.

### 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins, sem er hægt að lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

[https://www.golfmos.is/sk%C3%BDrsla%20stj%C3%B3rnar%20-%202024%20\(1\).pdf](https://www.golfmos.is/sk%C3%BDrsla%20stj%C3%B3rnar%20-%202024%20(1).pdf)

Kári gerði sérstaka grein fyrir könnun meðal félagsmanna, en niðurstöður hennar voru birtar á heimasíðu klúbbsins:

<https://www.golfmos.is/ni%C3%B0ursta%C3%B0a%20k%C3%B6nnun%202024.pdf>

### 3. Áritaðir reikningar kynntir

Steinþór Pálsson, gjaldkeri félagsins kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2023 til 31. október 2024. Reikningarnir ásamt áritun hafa verið birtir á vefsíðu félagsins:

<https://www.golfmos.is/%C3%A1rsreikningur%202024%20undirrita%C3%B0ur.pdf>

Heildartekjur félagsins námu 385,9 m.kr. og rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu 336,9 m.kr. Fjármagnskostnaður á árinu var 39,4 m.kr., afskrifaðar kröfur námu 0,3 m.kr. og styrkur frá Mosfellsbæ vegna framkvæmda nam 18,3 m.kr. Afkoma félagsins á liðnu rekstrarári var þannig jákvæð og nam hagnaður félagsins 27.7 m.kr. samanborið við 8,2 m.kr. tap á fyrra ári.

Steinþór fór yfir rekstrarreikning félagsins og gerði grein fyrir sundurliðun á öðrum tekjum, sem eru einkum tekjur af veitingasölu, sem og vörunotkun. Tekjur jukust um 10% og kostnaður um 8% á milli ára.

Þá gerði Steinþór grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikningi félagsins. Eignir í árslok námu 934,4 milljónum króna og bókfært eigið fé félagsins í lok rekstrarársins nam 488,9 m.kr.

Loks fór Steinþór yfir skýringar með reikningum félagsins og gerði grein fyrir helstu atriðum í sundurliðunum.

### 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Guðmundur Tómasson spurði hvers vegna tekjur af golfhermum hafi lækkað milli ára, í ljósi fjölgunar golfherma. Ágúst skýrði frá því að ástæðan sé sú, að í október 2023 var boðið upp á tilboð, sem voru færð til tekna þegar.

Eiríkur Þorláksson kom í pontu og hrósaði stjórn og starfsfólki fyrir góðan rekstrarárangur og greinargóða framsetningu reikninga. Hann vakti sérstaka athygli á árangri í íþróttastarfi klúbbsins sem skilað hefur sér í fjölgun titla sem féllu klúbbfélögum í skaut. Það vakti vonbrigði hans, að aðeins fjórðungur félagsmanna tók þátt í viðhorfskönnun. Hvatti hann menn til þess að halda áfram viðhorfskönnunum sem þeirri sem kynnt var. Félagsgjöld voru hækkuð um 12% síðast en tekjur félagsins hækkuðu um 16% - vegna fjölgunar annars vegar og breyttrar samsetningar á aldri félaga. Félagsgjöld á hvern félagsmann hafa vaxið. Enn séu fjármagnsgjöld félagsins í kringum 40 milljónir. Þrátt fyrir afborganir á liðnu ári standi langtímalán félagsins í 412m.kr. að meðtöldum afborgunum næsta árs. Eiríkur þakkaði stjórn fyrir að standa við fyrirheit um að taka ekki frekari lán og hrósaði stjórn fyrir að félaginu hafi auðnast að greiða fyrir fjárfestingar sínar á árinu. Hver eru fjárhagsleg tengsl klúbbsins og Blik Bistro – hver greiðir fyrir húsnæðiskostnað, s.s. hita, rafmagn, þrif og því um líkt. Ágúst Jensson svaraði því til að leigugjöld Blik Bistro sé skilgreint hlutfall af rekstri.

Bára spurði um salerni í Bakkakoti. Ágúst Jensson skýrði frá því að búið sé að kaupa rotþró en ekki hafi unnist tíma í sumar til þess að klára framkvæmdir en það verður gert næsta sumar.

Heiða vakti athygli á því hve konur á barneignaraldri séu fáar í klúbbum í samanburði við karla á sama aldri. Hlutfall kvenna hefur vaxið úr 31 í 33%. Karlar á því aldursbili ættu að taka þetta til sín.

Engir aðrir tóku til máls undir þessum lið.

Reikningar og skýrsla stjórnar voru samþykkt einróma.

## 5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru lagðar fram til breytinga á lögum félagsins.

## 6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri klúbbsins, kynnti rekstraráætlun fyrir 2023-2024, sem gerir ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 410,5 kr. og að rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 356,6 m. kr. fjármagnsgjöld verði 37,0 m. kr., styrkur frá Mosfellsbæ verði 18,3 m.kr. eins og í ár sem leiði til hagnaðar um á næsta ári um ríflega 35 m.kr.

Ágúst skýrði frá fyrirhuguðum framkvæmdum og fjárfestingum og kynnti hugmyndir að breytingum á Hlíðavelli, sem hafi verið bornar undir nágretta og aðra hagaðila í Mosfellsbæ. Til standi að halda kynningarfundum og eiga svo viðræður um Mosfellsbæ um nauðsynlegar breytingar á skipulagi. Rætt var um fjármögnun verkefnisins, sem verði að mestu leyti fjármögnuð með sölu og móttöku efna ganga allt eftir.

Spurt var um högun vallarins og staðsetningu vallar, sem greint var frá að væri ekki endanleg og myndi taka breytingum eftir því sem verkinu vindur fram.

## 7. Ákvörðun félagsgjalda

Ágúst Jensson kynnti tillögu stjórnar að félagsgjöldum næsta árs:

Félagsaðild með fullri leikheimild	160.000 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	116.000 kr.
69 ára og eldri (Full leikheimild)	123.000 kr.
69 ára og eldri (Hálf leikheimild)	90.000 kr.
Börn 12 ára og yngri	32.000 kr.
Börn 13 - 20 ára	40.000 kr.
Ungmennni 21 - 29 ára	85.000 kr.

Þá var gerð tillaga um aukaaðild, sem kosti 55.000 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verða félagsmönnum til reiðu, innifaldir í félagsgjöldum, sem takmarkist þó við 1.500 bolta á félagi með aukaaðild.

Enginn tók til máls.

Gengið var til atkvæða um tillögu stjórnar að félagsgjöldum næsta árs. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða, utan eins, sem greiddi atkvæði á móti.

## **8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna**

Stjórn gaf öll kost á sér til endurkjörs og engin mótframboð bárust. Stjórn GM 2024-2025 er því skipuð þannig:

Kári Tryggvason, formaður var kosinn til eins árs.

Þessir stjórnarmenn voru kosnir á fundinum til tveggja ára:

Andrea Jónsdóttir  
Arna Rún Kristjánsdóttir  
Steinþór Pálsson

Þessir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi 2023:

Siggeir Kolbeinsson  
Guðjón Karl Þórisson  
Írunn Ketilsdóttir

Varamenn, sem voru kjörnir til eins árs:

Einar Már Hjartarson  
Arnór Daði Rafnsson  
Elín Gróa Karlsdóttir  
Björn Óskar Guðjónsson

Skoðunarmenn reikninga voru kosin:

Björk Jóhannsdóttir og  
Elín Rósa Guðmundsdóttir

## **9. Kosning aganefndar og kjörnefndar**

Kosið var í aganefnd og kjörnefnd til tveggja ára á aðalfundi 2023. Því þurfti ekki að kjósa að þessu sinni. Aga- og kjörnefndir eru þannig skipaðar:

Sigurður Geirsson  
Guðrún Leósdóttir og  
Elín Rósa Guðmundsdóttir.

Kjörnefnd er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir

Óskar Sæmann Axelsson og

Þorvaldur Borgar Hauksson

Varamenn:

Björn Óskar Guðjónsson og

Gunnlaugur Júlíusson

### 10. Önnur mál

Björn Maríus steig í pontu og stakk upp á því að við anddyri hússins séu settar upp leiðbeiningar til kylfinga um það á hvaða teigum heppilegast sé að spila fyrir kylfinga á ákveðnu forgjafarbili og gefi þar jafnframt leiðbeiningar um æskilegan leikhraða.

Davíð B Gunnlaugsson minntist tveggja félagsmanna, þeirra Karls Loftssonar og Grétars Snæs Hjartarsonar, sem létust á árinu.

Kári Tryggvason og Ágúst Jensson stigu þessu næst í pontu og veittu Páli Líndal nafnbótina félagsmaður ársins. Félagsmenn risu úr sætum og þökkuðu Páli með lófataki – sem þakkaði fyrir sig að því loknu.

Þá kom Dagur Ebenesersson í pontu og veitti, ásamt Kára og Ágústi viðurkenningar fyrir kylfinga ársins. Eva Kristinsdóttir var valin kvenkylfingur ársins og Kristján Þór Einarsson var valinn karlkylfingur ársins.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkað félagsmönnum fyrir góðan fund og fól formanni að slíta fundi. Kári Tryggvason þakkaði Kára það traust sem sér væri sýnt með því að velja hann formann í áttunda sin.

Fundi var slitið kl. 21:15.

Grétar Eggertsson  
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson  
fundarritari